www.blind.is
Febrúar 2016

# VÍÐSJÁ

Rit Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi
8. árg. 1. tbl. 2016



## Hljóðtímarit

Valdar greinar í 40 ár

## Sjónskertir bílstjórar?

Það er ekki heimilt að keyra bíl þegar sjón er komin niður fyrir 50%

## Hljóðlaus ógn

Rafmagnsbílar ógna öryggi blindra og sjónskertra

## Hjartatónar

Hlynur Þór Agnarsson fór fyrir hönd Íslands í söngvakeppnina Sounds from the Heart í Kraká í Póllandi

# Minningar í myndum



Með því að færa gömlu ljósmyndirnar yfir í stafrænt form er hægt að leyfa fleirum að njóta þeirra skemmtilegu minninga sem í þeim felast.

Nú er hægt að draga fram öll gömlu albúmin og fá myndirnar skannaðar inn fyrir hagstætt verð.

Hjá Blindravinnustofunni, þar sem starfa 30 fatlaðir einstaklingar, hefur verið komið upp aðstöðu sem gerir sjónskertum starfsmönnum vinnustofunnar fært að skanna inn ljósmyndir.

Verð er mjög hagstætt, eða frá 12 krónum á mynd.

Ljósmyndaskönnun

Blindravinnustofan

Stuðningur til sjálfstæðis

# SÆL RÓSA!

## Ritstjórnarpistill eftir Rósu Maríu Hjörvar

Það er fátt eins yndislegt og hlý kveðja frá góðum kunningja. Sérstaklega þegar maður sér lítið er svo gott að finna væntumþykju og skilning hjá fólkinu í kringum sig, finna hönd á öxl og heyra: Sæl Rósa! Þau okkar sem verða fyrir því að missa sjónina sökum hrörnunarsjúkdóma upplifa það svo sterkt hversu félagslega einangrandi það getur verið að vera blindur. Félagslegar aðstæður verða oft hjákátlegar þegar einhver sem ekki áttar sig á sjónleysi manns kynnir sig með handabandi og stendur svo bara með höndina útrétta án þess að maður taki eftir því. Eða fólk sem veifar manni á götu án þess að fá nokkur viðbrögð. Staðreyndin er sú að ég geng framhjá móður minni á götu án þess að þekkja hana, og ég hef oft stirðnað upp þegar mér finnst ókunnugur maður koma að mér án þess að gera mér grein fyrir því að þetta er kærastinn minn.

Ég er í stöðugri hættu á að taka annarra manna börn heim úr leikskóla og ég hef heilsað minni eigin spegilmynd kurteisislega, oftar en einu sinni.

Oftast er hægt að lækna þetta mein með húmor ef maður tekur sig ekki of hátíðlega. Oft er maður samt orsök að því að samkomur drabbast niður þegar þarf að útskýra að maður sé með arfgengan sjúkdóm sem hægt og rólega rænir mann sjóninni. Það er ekki gott „small talk“ og ekki góðar félagslegar aðstæður sem eiga að snúast um að kynnast nýju fólki og breikka sjóndeildarhringinn en fara í staðinn að snúast um mann sjálfan og sjúkdóminn. Þess vegna hef ég oft látið það eiga sig að skýra frá þessu, ekki vegna þess að það sé erfitt fyrir mig að tala um það heldur vegna þess að það er ekki gefandi í öllum aðstæðum að röfla um það sem hrjáir mann. Þá sætti ég mig bara við að fólki finnist ég vera skrýtin eða of drukkin frekar en að eyðileggja stemninguna. Svo getur maður útskýrt þetta allt saman þegar



færi gefst. Það er heldur ekki fullkomin lausn. Og sérstaklega núna, þegar ég er hætt að ná augnsambandi við fólk, finn ég skýrt hversu erfitt það getur verið að tengjast öðrum þegar maður missir af öllum litlu táknunum.

Brosum, augnatilliti og bendingum. En maður gefst ekki upp, treður sér í hælaskóna, fer í partý og gerir sitt besta til þess að taka þátt í leiknum. Þess vegna er það svo yndislegt, þegar maður stendur þarna, á fullu í þykjustuleiknum að reyna að fatta við hvern maður er að tala og hvort það sé yfirhöfuð verið að tala við mann, þegar góður kunningi sem veit hvernig liggur í hlutunum leggur hönd á öxl og segir: Sæl Rósa. Sú hlýja og sá mannskilningur sem felst í þessari athöfn er svo merkilegur.

Þess vegna held ég að þeir sem gera þetta þoli alveg þá ábendingu sem ég vil koma hér á framfæri sem er sú að ég veit hvað ég heiti. Notaðu tækifærið og kynntu þig með nafni, þá verð ég sannarlega sæl Rósa.

# IPAD



Ipad loksins á íslensku. bls. 5

# BYLTINGIN 2015



**Jafnréttismál hafa verið áberandi í umræðunni á Íslandi sl. ár** bls. 6

# BÍLSTJÓRAR



Sjónskertir bílstjórar í umferðinni. bls. 10

# SÚPA



Sælkeraréttir úr afgöngum frá Rósu Ragnarsdóttur. bls. 13

# ÓGN



Hljóðlausir rafmagnsbílar ógna öryggi blindra og sjónskertra. bls. 14

# HJARTATÓNAR



Hlynur Þór Agnarsson lenti í öðru sæti í söngvakeppni. bls. 16

# TRYGGINGAR



Sigríður Hlín ákveður að slysatryggja sig. bls. 18

# LISTAMAÐUR



Guðvarður B. Birgisson er listamaður í Blindrafélaginu. bls. 21

# SJÁ EN SJÁ EKKI



Börn með heilatengda sjónskerðingu. bls. 24

# HLJÓÐTÍMARIT



Valdar greinar fagna 40 ára afmæli. bls. 30

**Víðsjá**. Rit Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi. 8. Árg. 1.tbl 2016.
**Útgefandi:** Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, kt:470169-2149, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík.
**Ábyrgðarmaður:** Halldór Sævar Guðbergsson.
**Ritnefnd:** Rósa María Hjörvar, Halldór Sævar Guðbergsson, Íva Marín Adrichem, Rósa Ragnarsdóttir og Sigríður Hlín Jónsdóttir
**Ritstjóri:** Rósa María Hjörvar.
**Blaðamenn:** Rósa María Hjörvar, Íva Marín Adrichem og Sigríður Hlín Jónsdóttir
**Umbrot:** Friðrik Steinn Friðriksson
**Ljósmyndir:** Guðmann Þór Bjargmundsson – Viking Portrait Studio, Friðrik Steinn Friðriksson, Laufey Jakobsdóttir o.fl.
**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / Actavis 511140

Actavis



# Eldur inni í þér?

## Omeprazol Actavis

## – Við brjóstsviða og súru bakflæði

**20 mg, 14 og 28 stk. – fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki**

**Notkunarsvið:** Omeprazol Actavis inniheldur virka efnið ómeprazól sem tilheyrir flokki lyfja sem kallast „prótónpumpuhemlar“ og verka með því að draga úr sýruframleiðslu magans. Omeprazol Actavis er ætlað til notkunar hjá fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábít). **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir ómeprazóli eða öðru innihaldsefni lyfsins. Ofnæmi fyrir lyfjum sem innihalda aðra prótónpumpuhemla. Ef þú tekur lyf sem inniheldur nelfinavír (við HIV sýkingu). **Varúð:** Ekki taka Omeprazol Actavis lengur en í 14 daga án samráðs við lækni. Ef einkennin minnka ekki, eða ef einkennin versna, skaltu ræða við lækninn. Omeprazol Actavis getur dulið einkenni annarra sjúkdóma. Því skaltu ræða strax við lækninn ef eitthvað af eftirfarandi kemur fyrir þig áður en þú tekur eða meðan þú tekur Omeprazol Actavis: Ef þú léttist að ástæðulausu og átt í erfðleikum með að kyngja, færð magaverk eða meltingartruflanir, kastar upp mat eða blóði, hefur svartar hægðir (blóðlitaðar hægðir), ert með alvarlegan eða langvarandi niðurgang (ómeprazól hefur verið tengt við lítillega aukningu á smitandi niðurgangi), hefur verið með magasár eða gengist undir skurðaðgerð á meltingarfærum, ert á samfelldri meðferð við einkennum meltingartruflana eða brjóstsviða í 4 vikur eða lengur, þjáist stöðugt af meltingartruflunum eða brjóstsviða í 4 vikur eða lengur, ert með gulu eða alvarlegan lifrarsjúkdóm, ert eldri en 55 ára með ný eða nýlega breytt einkenni. Sjúklingar skulu ekki nota ómeprazól í fyrirbyggjandi tilgangi. Omeprazol Actavis inniheldur súkrósa. **Meðganga og brjóstagjöf:** Segðu lækninum frá því ef þú ert barnshafandi eða ert að reyna að verða barnshafandi áður en þú tekur Omeprazol Actavis. Læknirinn mun ákveða hvort óhætt sé fyrir þig að nota Omeprazol Actavis ef þú ert barnshafandi eða með barn á brjósti. **Skömmtun:** Sýruþolnu hylkin má taka fyrir máltíð (t.d. morgunmat eða kvöldmat) eða á fastandi maga. Mælt er með að hylkin séu tekin inn að morgni dags. Venjulegur skammtur er eitt 20 mg hylki eða tvö 10 mg hylki einu sinni á sólarhring í 14 daga. Hafðu samband við lækninn ef einkennin hafa ekki horfið á þessum tíma. Nauðsynlegt getur verið að taka hylkin í 2–3 daga samfellt áður en einkennin réna. Hylkin á að gleypa með glasi af vökva. Ekki má tyggja eða mylja hylkin. **Aukaverkanir:** *Hafðu samband við lækni strax ef eftirfarandi einkenni koma fram:* Öndun verður skyndilega hvæsandi, þroti í vörum, tungu og hálsi eða líkama, útbrot, yfirlið eða kyngingarörðugleikar (alvarleg ofnæmisviðbrögð). Roði í húð með blöðrum og húðflögnun. Einnig getur verið um að ræða verulega blöðrumyndun og blæðingar í vörum, augum, munni, nefi og kynfærum. Þetta getur verið „Stevens-Johnsons heilkenni“ eða „eitrunardrep í húðþekju“. Gul húð, dökkt þvag og þreyta sem geta verið einkenni lifrarsjúkdóms. **Algengar aukaverkanir:** Höfuðverkur. Áhrif á maga eða þarma (niðurgangur, magaverkur, hægðatregða, vindgangur). Ógleði eða uppköst. Markaðsleyfishafi: Actavis Group PTC ehf. **Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Nóvember 2015.





# DRAUMUR RÆTIST IPAD Á ÍSLENSKU?

**Spjaldtölvur frá Apple, svokallaðir iPads, henta einstaklega vel til kennslu og tómstunda fyrir flesta fötlunarhópa. Vandinn er að þessi tæki eru ekki aðgengileg á íslensku.**

Hvorki stýrikerfið sjálft né talgervillinn hefur verið þýtt. Það takmarkar verulega aðgang blindra og sjónskertra að þessari tækni sem er sú mest notaða á Norðurlöndum.

Á því hefur nú orðið smábreyting. Hvorki iPadinn né talgervillinn sjálfur er á íslensku og ekki heldur í Voice Over kerfinu en nú býðst notendum að kaupa appið Voice Dream Reader sem gefur fólki kost á að nota íslenskan talgervil í sjálfu appinu.

**Voice Dream Reader gefur fólki kost á að nota íslenskan talgervil í sjálfu appinu.**

Þetta smáforrit er í raun skjalalesari og hægt er að hlaða inn texta á mismunandi formi, t.d. frá Dropbox, og þegar skjalið er komið inn í appið er hægt að lesa það með íslensku karlmannsröddinni Karli.

Forritið gefur kost á að merkja í textann, klippa úr, strika yfir og færa yfir í annað skjal þau textabrot sem merkt hafa verið. Þetta er því mjög góður kostur fyrir námsmenn og aðra sem eru að lesa lengri texta og vilja glósa með. Það er einnig hægt að fá smáforritið Voice Dream Mail með ef það er tengt við netfang notandans. Þá er hægt að velja og lesa pósta í því á íslensku. Það er ekki hægt að skrifa pósta með íslenskum talstuðningi og þetta tiltekna póstforrit er frekar frumstætt en gefur þó notendum kost á því að lesa innihald tölvupósta á íslensku. Á meðan við bíðum eftir að fá aðgang að öllum möguleikum iPads á okkar eigin tungumáli er þetta ágætistækifæri fyrir blinda og sjónskerta til þess að fá nasaþef af því sem er í boði.

Smáforritið Voice Dream Reader fæst í App-Store og með röddinni kostar það í kringum 6.000 kr.

-RMH



# Byltingin 2015

**Jafnréttismál hafa verið áberandi í umræðunni á Íslandi sl. ár og hafa farið af stað ýmsar herferðir sem hafa kallað á vitundarvakningu eða samfélagsbreytingu af einhverju tagi. Ísland er álitið eitt af þeim ríkjum í heiminum þar sem hvað mest jafnrétti ríkir en það má enn mikið bæta til að jafnrétti sé lýsandi hugtak fyrir íslenskt samfélag.**

Mig langar að setja hér fram nokkrar hugleiðingar um jafnrétti á Íslandi út frá eigin reynsluheimi og má í því samhengi minnast á að ég er meðlimur í Tabú, félagi „fatlaðra femínista“ og tala ég því fyrir jafnrétti fatlaðs fólks af öllum kynjum. Túlkun orðsins femínisti er samkvæmt mínum bókum einhver sem berst ekki eingöngu fyrir jafnrétti milli karla og kvenna heldur fyrir jafnrétti almennt.

Í ljósi þeirrar hreyfingar sem varð í réttindamálum kvenna og kynbundins ofbeldis á sl. ári ætla ég að leitast við að fjalla um það hvað hefur áunnist í jafnréttismálum fatlaðra kvenna. Eins langar mig að fjalla aðeins um hvernig er að vera fötluð kona í dag og hvaða hindranir ég persónulega upplifi.

**Hvað hefur áunnist í jafnréttismálum fatlaðra kvenna árið 2015?**

Í nóvember var ákveðinn sigur unninn þegar fatlaðar konur afhentu yfirvöldum kröfuskjöl og mættu í kröfugöngu til að mótmæla aðgerðum og aðgerðaleysi stjórnvalda í málum sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gagnvart fötluðum konum. Bara það að loksins skuli fatlaðar konur láta í sér heyra er sigur því að hingað til hefur ríkt ákveðin þöggun og skeytingarleysi gagnvart þessum hópi.

Mótmælin voru í framhaldi af umfjöllun Kastljóss þar sem tvær fatlaðar konur stigu fram og lýstu því hvernig málaferlum þeirra gagnvart kynferðisbrotamanni voru felld niður og ekkert gert til að stoppa ofbeldið.

Í kjölfar mótmælanna voru fatlaðar konur boðaðar á fund með velferðarráðherra til að ræða stöðu sína gagnvart ríkisvaldinu.

Það að fatlaðar konur létu í sér heyra í kjölfar þessa máls hefur leitt til vitundarvakningar um ofbeldi gagnvart fötluðum og hefur nýleg þingumræða í kjölfar fyrirspurnar til innanríkisráðherra leitt í ljós að mikið vantar upp á ferla og samræmdar reglugerðir fyrir lögregluembætti til að fara eftir þegar upp koma mál er tengjast ofbeldi gegn fötluðu fólki.

Tabú, feminísk hreyfing fatlaðs fólks á Íslandi, á hrós skilið fyrir að koma áður óséðri umræðu af stað þar sem ekkert er til sparað í málefnavali.

### Hvernig er að vera fötluð kona 2015/2016?

Þótt mikil vitundarvakning hafi orðið í jafnréttismálum síðustu árin eru fatlaðar konur enn frekar falinn minnihlutahópur sem mikil þöggun ríkir um. Ástæðuna má líklega rekja til þess að fatlaðar konur skortir oft aðstoð og tækifæri til að stíga fram og láta í sér heyra.

**Tabú, feminísk hreyfing fatlaðs fólks á Íslandi, á hrós skilið fyrir að koma áður óséðri umræðu af stað**

Hin almenna jafnréttisbarátta og hreyfing kvenna sem hefur orðið hávær sl. ár hefur veitt nýrri kynslóð fatlaðra kvenna styrk og byr undir báða vængi til að rísa upp og láta í sér heyra. Við skilgreinum okkur ekki eingöngu sem fatlaðar konur heldur erum við fyrst og fremst konur eins og aðrar konur og styðjum því jafnréttisbaráttuna í allri sinni mynd. Hugmynd að klausu til þess að bæta við: Við búum þó við margþætta mismunun sem fatlaðar konur sem getur flækt stöðu okkar og reynsluheim enn frekar og aukið jaðarsetningu okkar. Jafnréttisbaráttan þarf að gefa því gaum.

Jafnréttisbaráttan hefur að miklu leyti snúist um líkamsvitund og frelsi kvenna til að eiga og sýna líkama sinn eins og þeim hentar sjálfum. Áhersla hefur verið lögð á að konum líði vel í eigin líkama og séu stoltar af honum. Hér hefur hins vegar eingöngu verið einblínt á „heilbrigðan“ eða „ófatlaðan“ líkama kvenna. Mér finnst vanta inn í þessa umræðu að sýndar séu fleiri gerðir af líkömum í tengslum við jafnréttisumræðuna. Líkamar geta nefnilega verið svo margbreytilegir og fallegir í allri sinni mynd þótt þeir falli ekki að staðalímynd hins meinta fullkomna líkama sem er dregin upp í fjölmiðlum.

Það má nefnilega ekki gleymast að fatlaðar konur eru líka kynverur og það að líkami falli ekki að staðalímyndinni á ekki að útiloka þær og kynímynd þeirra. Það er ekkert verra en að bera skömm til eigin líkama því að það getur leitt til svo mikils og djúpstæðs vanda sem tengist sjálfsmynd kvenna. Þetta á að sjálfsögðu ekki eingöngu við um fatlaðar konur, heldur konur almennt. Það vantar að knýja fram viðhorfsbreytingu í samfélaginu varðandi fegurðarstaðlana sem konur setja sér. Við erum allar kraftaverk sem lifandi manneskjur og allar höfum við langanir og kynvitund, óháð því hvernig líkami okkar lítur út.

### Hvaða hindranir upplifi ég?

Það sem hindrar fatlaðar konur í baráttunni fyrir sjálfstæði og í lífinu almennt er óúthugsuð forræðishyggja og góðverkafíkn.
Ófatlað fólk, sem oft er aðstandendur eða starfsmenn tengdir málefnum fatlaðs fólks, á það til að koma ómeðvitað fram við fatlað fólk,

einkum konur, eins og það sé börn eða einstaklingar sem geta ekki tekið eigin ákvarðanir eða haft forsjá gagnvart sjálfum sér og sínum þörfum. Með þessu er gert lítið úr fötluðu fólki og þessi hegðun endurspeglast í viðhorfi samfélagsins gagnvart fötluðum einstaklingum. Þetta leiðir svo til hinnar svokölluðu góðverkafíknar sem nærir þetta viðhorf og viðheldur því í samfélaginu. Fatlað fólk þarf ekki að láta gera á sér góðverk. Góðverk eru kærkomin í vissum tilvikum, en þau geta jafnframt verið niðurlægjandi þar sem góðverkin geta skert sjálfsmynd einstaklingsins. Í raun vill enginn vera upp á góðmennsku annarra kominn nema í algjörri neyð.

Það sem þarf er viðhorfsbreyting innan stjórnkerfisins sem og samfélagsins gagnvart fötluðu fólki og því gefinn kostur á að lifa mannsæmandi lífi án þess að þurfa að vera upp á góðverk annarra komið. Fatlaðir eiga líka að geta gengið með reisn í gegnum lífið og séð um sín mál sjálfir að því marki sem hægt er og á þetta ekki bara við um fatlaðar konur heldur allt fatlað fólk óháð skerðingu.

**Ákveðin sveitarfélög hafa kerfisbundið getað útilokað og fælt fatlað fólk frá búsetu í sínu umdæmi**

### Hvernig leysum við málin? Hvernig má gera fötluðu fólki kleift að lífa lífi sínu með reisn og til jafns við ófatlað fólk?

Að mínu mati eru stærstu mistökin sem stjórnvöld hafa gert í málefnum fatlaðs fólks að færa málaflokkinn yfir til sveitarstjórnanna. En úr því sem komið er er líklega það besta í stöðunni að ríkisvaldið setji skýra löggjöf og eftirlit með því hvernig sveitarfélög haga málaflokknum.

Eins og staðan er í dag geta sveitarfélögin ákveðið eftir eigin geðþótta hvort og þá hvernig fatlað fólk er þjónustað. Stærð og efnahagur sveitarfélaga á Íslandi er afar mismunandi og er óraunhæft að ætla að lítil sveitarfélög úti á landi hafi burði til að standa undir þjónustustigi við fatlað fólk til jafns við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Síðan kemur upp sú staða að efnameiri sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa nýtt sér sjálfsákvörðunarréttinn til að búa þannig að málefnum fatlaðs fólks að þjónustustigið er í svo miklu lágmarki að fatlað fólk kýs að flytja í sveitarfélag sem býður mannsæmandi þjónustustig.

Ákveðin sveitarfélög hafa kerfisbundið getað útilokað og fælt fatlað fólk frá búsetu í sínu umdæmi. Með þessari kerfisbundnu fælingarstefnu geta sveitarfélög valið sér þá íbúa sem þeir telja ódýrari í rekstri og komið sér hjá því að sinna því sem þau telja dýran málaflokk.

### Svipt ferðafrelsinu

Hér get ég nefnt dæmi af sjálfri mér þar sem ég fann fyrir nákvæmlega þessari kerfisbundnu fælingarstefnu þegar ég flutti með foreldrum mínum sl. sumar úr Garðabæ í Kópavog. Öll samskipti við Kópavogsbæ hafa frá upphafi verið mjög stirð þegar kemur að öllum mínum málum. Í Garðabæ hafði ég notað ferðaþjónustu sniðna að mínum þörfum sem hefur gert mér kleift að lifa og haga lífi mínu eins ég sjálf vil. Þetta eru sjálfsögð réttindi ef um ófatlaða einstaklinga er að ræða.

Það sem fólst í þeirri ferðaþjónustu sem ég naut í Garðabæ var að ég gat tekið leigubíla frá Hreyfli, gegn strætógjaldi, og tók bærinn reikninginn fyrir restinni. Ég lifi afar annasömu lífi og er háð því að komast á milli staða á sem stystum tíma og stundum oft á dag. Þetta væri ekki talið sérstakt eða til afreka ef um ófatlaðan einstakling væri að ræða. En mergur málsins er sá að í Garðabæ líta stjórnendur sveitarfélagsins svo á að ég hafi ferðafrelsi og eigi að njóta fullgildrar

þátttöku í samfélaginu til jafns á við ófatlaða unglinga.

Í Kópavogi, þar sem ég bý núna (og ég tek fram að ég bý innan við kílómetra frá fyrrverandi heimili mínu í Garðabæ), hef ég verið gjörsamlega svipt ferðafrelsinu, möguleikum á frístundaiðkun og vinnu, en það allra versta er að með þessu hefur Kópavogsbær svipt mig mannlegri reisn og þeim framtíðarmöguleikum sem ég átti mér þegar ég var búsett í Garðabæ.

**Það allra versta er að með þessu hefur Kópavogsbær svipt mig mannlegri reisn og þeim framtíðarmöguleikum sem ég átti mér**

Ég er barn að lögum en ég er fyrst og fremst bara manneskja sem óska þess að fá tækifæri til að velja sjálf minn farveg í lífinu. Það er virkilega sárt að upplifa það að sveitarfélagið sem ég bý í er ekki á sama máli og kýs að brjóta á mér, ekki bara siðferðislega heldur lagalega. Það er sárt að upplifa sig sem annars flokks mannveru í samfélaginu þar sem sveitarfélagið Kópavogur lítur svo á að ég eigi ekki að eiga sambærileg tækifæri í lífinu og önnur ungmenni.

Af þessu leiðir að þrátt fyrir sterka kröfu í samfélaginu um jafnrétti eigum við enn langt í land þegar kemur að réttindum fatlaðs fólks á Íslandi. Þrátt fyrir að mannréttindamál hafi sl. ár og áratugi verið í mikilli uppsveiflu og orðið til þess að breyta lífi og lífsaðstæðum ýmissa minnihlutahópa um allan heim er ekki hægt að segja að fatlað fólk á Íslandi hafi notið þessarar jákvæðu þróunar og hugarfarsbreytingar. Mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur enn ekki verið fullgiltur á Íslandi og er það e.t.v. það sem veldur því að stærsti minnihlutahópurinn í samfélagi okkar (fatlað fólk) býr enn við mannréttindabrot.

Fyrir höndum er mikið verk sem þarf að vinna til að vega upp á móti almennri vanþekkingu stjórnvalda og annarra á þörfum og mannréttindum fatlaðs fólks á Íslandi. Mín tilmæli til stjórnvalda eru að byrja á því að undirrita sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þaðan getum við svo tekið málið lengra.

-Íva Marín Adrichem





# SJÓNSKERTIR BÍLSTJÓRAR?

**Það er ekki heimilt að keyra bíl þegar sjón er komin niður fyrir 50% en þrátt fyrir það er engin akstursþjónusta í boði fyrir þennan hóp. Fjölskyldan, heilbrigðisstarfsmenn og opinberir aðilar veigra sér við að taka á málinu og því er niðurstaðan sú að sumir halda áfram að keyra bíl þrátt fyrir mikla sjónskerðingu.**

Flestir kannast við að einhver innan fjölskyldunnar, gjarnan amma eða afi, hafi þurft smáaðstoð til þess að leggja bíllyklana á hilluna. Í samfélagi þar sem það að keyra bíl er samofið hugmyndinni um frelsi einstaklingsins er það að hætta að keyra oft erfið ákvörðun sem krefst aðkomu ættingja og vina. Og fyrir suma er tilhugsunin um að verða bíllaus algjörlega lamandi og það virðist einfaldlega óhugsandi að taka þátt í samfélaginu án bílprófs.

### Áhrif sjónar

En það er ekki bara aldurinn og möguleg hrörnun sökum hans sem hefur áhrif á færni fólks undir stýri, allt sem viðkemur sjón getur haft alvarlegar afleiðingar á ökufærni einstaklingsins. Allir sem tekið hafa bílpróf vita af hættulegum blindum vinkli sem bílstjóri með fulla sjón og í bestu aðstæðum þarf að vera meðvitaður um. Þar að auki geta birtuskilyrði haft mikil áhrif á bílstjóra, bæði mikil sól og mikið myrkur. Margir keyra ekki í myrkri vegna náttblindu sem er algengt fyrirbæri hér á landi. Sjóntruflanir og litblinda geta einnig gert menn óhæfa til aksturs.

**Sjóntruflanir og litblinda geta einnig gert menn óhæfa til aksturs**

### Hrörnunarsjúkdómar í auga

Allt það sem talið er hér að ofan getur verið til staðar þegar menn greinast með hrörnunarsjúkdóm í auga, allt eftir því um hvaða sjúkdóm er að ræða, stöðu hrörnunarinnar og dagsformi.

Sumir sjúkdómar hafa áhrif á eiginleika augans til þess að bregðast við birtu, þeir sem þjást af þessum sjúkdómum eiga því auðvelt

með að blindast og upplifa að ljósdílar og rendur trufla sjón þeirra. Náttblinda er einnig algengur fylgifiskur hrörnunar og fólk sem sér ágætlega í góðri birtu getur jafnvel verið alblint í myrkri. Slíkir augnsjúkdómar geta komið fram á öllum æviskeiðum, ekki síst á efri árum, það er þá oftast blautt eða þurrt AMD, en yngri einstaklingar greinast með sjúkdóma eins og Stargats og Retinitis Pigmentosa.

### Minnkandi sjón

En það er ekki eingöngu birtuskynjunin sem verður brengluð þegar um augnbotnahrörnun er að ræða. Sjónin minnkar mishratt og á mismunandi vegu. Sumir fá rörsjón þar sem þeir missa alla jaðarsjón en aðrir halda jaðarsjón og missa alla miðjuna. Birtingarmyndir sjónskerðingar eru jafn margar og þeir einstaklingar sem glíma við hana og í þessu, eins og öðru, er hver og einn einstakur. En samnefnarinn er að með minnkun sjónsviðs minnka möguleikar einstaklingsins á að þekkja og bregðast við umhverfi sínu. Þessi hrörnun er mæld í gráðum eða brotum sem segja til um það hversu alvarleg áhrif hún hefur á færni einstaklingsins. Augnlæknar taka einnig tillit til áhrifa frá ofangreindum sjóntruflunum og meta þannig sjónskerðingu. Þetta er flókið mat, getur oft verið háð dagsformi þegar um er að ræða einstaklinga sem hafa litla sjónrest og geta menn þannig sveiflast í kringum ákveðna prósentutölu. Meginreglan er sú að menn megi ekki keyra bíl þegar sjón er komin niður fyrir 50%. Það er hins vegar engin þjónusta í boði fyrr en komið er niður fyrir 30%.

### Að greina og dæma

Það kemur í hlut augnlækna að greina fólk með alvarlega augnbotnahrörnun. Það er oft mikið áfall þar sem fæstir gera ráð fyrir að missa sjón þegar þeir skipuleggja líf sitt. Greiningin hefur alvarleg áhrif á stöðu fólks. Þótt hægt sé að aðlagast henni og eiga gott og innihaldsríkt líf, og mönnum séu í raun flestir vegir færir, getur hún krafist mikilla og dramatískra breytinga fyrst um sinn.

Það getur verið erfitt að sætta sig við þær takmarkanir sem sjónskerðingin setur manni og, eins og við þekkjum með eldri ættingja, getur það verið lamandi tilhugsun að missa bílprófið. Í íslensku samfélagi er manneskja á vinnualdri, með börn og í vinnu algjörlega háð því að geta hoppað upp í bíl og sinnt erindum sínum og tilhugsunin um að geta ekki skutlað krökkunum í íþróttir, skotist út í búð eða farið í ræktina í hádeginu er ekki góð. Það skipulag sem tekur við til þess að bæta fyrir þetta er oft mjög umfangsmikið og andlega erfitt fyrir þann sem er vanur að bjarga sér sjálfur. Að þurfa að reiða sig á maka eða ættingja til þess að komast á milli staða á einu erfiðasta tímabili ævinnar setur einstaklinginn í passífa stöðu þiggjanda sem oft flækir endurhæfingu og veldur vanlíðan. Það getur því verið þrautin þyngri fyrir heilbrigðisstarfsfólk sem sinnir endurhæfingu að þurfa að setja sig í hlutverk lögreglu og taka bílprófið af sjúklingnum. Það gerist því sjaldan, samband heilbrigðisstarfsmanns og sjúklings er trúnaðarsamband og það virðist því henta illa til þess að halda uppi boðum og bönnum.

**Það getur því verið þrautin þyngri fyrir heilbrigðisstarfsfólk sem sinnir endurhæfingu að þurfa að setja sig í hlutverk lögreglu og taka bílprófið af sjúklingnum.**

### Sýslumaður

Það er sýslumaður sem gefur út ökuskírteini og þurfa menn að mæta til hans ef þeir missa prófið eða þurfa að endurnýja það vegna brota. Og þá eru menn skyldaðir til þess að fara í sjónmælingu. Þeir sem eru með meirapróf þurfa að endurnýja það á fimm ára fresti.

Sýslumaður upplýsir í samtali við Víðsjá að hann hafi aldrei frumkvæði að því að kalla eftir sjónmælingu og að embættinu hafi ekki borist neinar ábendingar um að fólk með minna en

50% sjón sé að keyra.
Sýslumannsembættið er ekki heilbrigðisstofnun og þeir sem þar starfa hafa ekki sjálfkrafa aðgang að heilbrigðisupplýsingum. Menn þurfa að taka sjónpróf þegar prófið er endurnýjað þegar einstaklingurinn nær 70 aldri en annars er ekki verið að athuga með sjón fólks almennt eða þróun hennar. Það að leggja bílprófið á hilluna er því, eins og svo margt annað, á ábyrgð einstaklingsins, fjölskyldu hans og vina.

**Það er ekki auðvelt verk fyrir þá sem koma að endurhæfingu, ættingja eða vini að taka á þessum vanda.**

### Afleiðingar

Víðsjá er kunnugt um einstaklinga sem héldu áfram að keyra bíl löngu eftir að þeir voru komnir niður fyrir 50%. Afleiðingarnar geta verið miklar og þótt miklar framfarir hafi átt sér stað sem gerir blindum og sjónskertum fært að standa undir kröfum nútímaþjóðfélags er sjónin enn forsenda þess að keyra bíl. Slysahætta er mikil og þau slys þá alfarið á ábyrgð þeirra sem keyra þrátt fyrir sjónskerðingu. En afleiðing þess að leggja bílnum við 50% mörkin er líka alvarleg. Víðsjá er kunnugt um einstaklinga sem gætu ekki sótt vinnu ef þeim væri meinað að keyra því að þegar engin þjónusta býðst í staðinn er erfitt að sjá hvernig þessir einstaklingar eiga að athafna sig í nútímasamfélagi. Fyrir þá sem búa svo vel að vera komnir í ferðaþjónustusamning við Reykjavíkurborg og Seltjarnarnes er enginn vandi að halda áfram að stunda vinnu og tómstundir, hvort tveggja lykilatriði í endurhæfingunni. En þeir sem þurfa að leggja bílnum og fá enga þjónustu sjá fram á félagslega einangrun. Sums staðar er hægt að nýta sér almenningssamgöngur en þær eru alls ekki í boði alls staðar og oft aðeins hluta úr degi. Og þó að makar ættingjar og vinir geti sinnt einhverju skutli er það engan veginn fullnægjandi og það er skaðlegt fyrir þau sambönd sem á slíkum tímum verða fyrir miklu álagi vegna breyttra aðstæðna og þurfa líka að þola þetta. Afleiðingin er að einstaklingurinn dregur sig í hlé, fyllist vanmætti og finnst hann jafnvel vera baggi á umhverfi sínu. Þetta ástand getur varað árum saman og ef tekst að fá einstaklinginn í endurhæfingu seinna meir er hún umtalsvert kostnaðarsamari og ekki eins líkleg til árangurs.

### Ábyrgð?

Það er ekki auðvelt verk fyrir þá sem koma að endurhæfingu, ættingja eða vini að taka á þessum vanda. Víðsjá hefur rætt við fólk sem viðurkennir að það veigri sér við að eiga þetta samtal við þá einstaklinga sem eru að missa sjón. Niðurstaðan er að margir keyra mun lengur en þeir ættu að gera, með þeirri hættu sem það hefur í för með sér sem og sektarkennd og feluleik sem fylgir. Fólk fer leynt með sjónskerðingu sína af ótta við að aðrir efist, réttilega, um hæfni þess til að keyra og það veldur enn frekari vandræðum. Einfaldasta lausnin virðist vera að bjóða þeim þjónustu sem eru komnir undir 50% mörkin, en hvorki ríki né sveitarfélög hafa enn sem komið er sýnt því áhuga. Á meðan svo er halda sumir áfram að keyra og bjóða þannig hættunni heim.

-RMH



# NÝTUM AFGANGA Í SÆLKERARÉTTI

## frá Rósu Ragnarsdóttur

**Ég ætla ekki að predika neitt um matarsóun sem hefur verið í umræðunni að undanförnu, og ekki að ástæðulausu, heldur bendi á vefsíðu Neytendasamtakanna um það efni. Hér eru nokkrar hugmyndir um rétti sem eru búnir til úr afgöngum sem falla oft til á venjulegum heimilum.**



**Kókos og karrýsúpa:**

Látið ekki salatafganga standa lengi á borðinu heldur geymið salatið í ísskápnum ef þið eruð ekki viss um að borða það fljótlega. Það er enn betur komið í frysti í plastpoka eða dós með loki. Þegar þið hafið svo safnað nógu miklu magni, ca. 1 kg, er komið nóg í dýrindis grænmetiskarrýsúpu:

1/2-1 kg salatafgangar, 1-2 laukar, 2 hvítlauksgeirar, 1-3 teningar af grænmetiskrafti, eftir smekk, 2-3 tsk. gott karrý eða curry paste, 2 dósir kókosmjólk.

Ef þið eigið einhverja aðra grænmetisafganga í ísskápnum skuluð þið nota þá líka.

Aðferð: sjóða gromsið, með karrýinu, í dálitlu vatni í u.þ.b. 15 mínútur, mauka svo með töfrasprota eða matvinnsluvél, setja aftur í pottinn eða hafa í pottinum, bæta út í ca. 1/2 l af vatni og kókosmjólkinni, og ef ykkur finnst þurfa eitthvert meira krydd er gott að setja t.d. sítrónusafa, salt, cayennepipar og agavesýróp. Ef þið viljið hafa súpuna aðeins þykkari er gott að sjóða nokkrar kartöflur með og sjóða ögn lengur. Gott er að hafa sýrðan rjóma og naanbrauð með.




**Pastasósa:**

1-11/2 kg salatafgangar,
1-3 laukar, skinka, beikon, pylsur eða annað reykt kjöt, mega vera afgangar, 1/2 askja rjómaostur, ca. 200 g afgangsostur,
ca. 200 g, mjólk, maizena og krydd, hvítlaukur, jurtakrydd og grænmetiskraftur.

Aðferð: steikja beikonið með lauk og grænmeti í smástund, setja út í ca. 1/2 l mjólk og ostinn, láta hann bráðna vel, krydda og þykkja með maizena. Tilvalið er að sjóða heilhveitpasta og hella sósunni yfir. Ef það er eitthvert grænmeti sem ykkur finnst ekki passa með í svona rétti er um að gera að tína það úr.



**Rósa Ragnarsdóttir**



# HLJÓÐLAUS ÓGN

**Blindir og sjónskertir vegfarendur treysta alfarið á hljóðmynd þegar þeir fara yfir götur og stræti. Það er sjaldgæft að sett séu upp hljóðmerki til þess að gera götuvita aðgengilega og sums staðar eru engir götuvitar og þurfa fótgangandi vegfarendur því að nota skilningarvitin til þess að meta hvort óhætt sé að fara yfir götu. Framkoma hljóðlausra rafmagnsbíla og annarra tækja á markaði ógnar því ferðafrelsi og öryggi blindra og sjónskertra og gæti orðið til þess að það yrðu alvarleg slys.**

Evrópusambandið hefur nýverið sett reglur um takmörkun hljóðmengunar til þess að minnka áreiti af umferð sem sagt er að valdi miklum heilbrigðisvanda. Í því starfi hefur verið tekið tillit til þarfa blindra og sjónskertra og er því talað um lágmarkshljóð, til þess að tryggja að eitthvað heyrist í tækjunum.

Bensín- og dísilvélar gefa sjálfkrafa frá sér hljóð, en aukin áhersla á loftlagsmál og hljóðmengun hefur ýtt undir útbreiðslu nýrra véla sem eru annað hvort alveg eða að hluta til hljóðlausar. Þessar vélar leysa ákveðinn vanda en skapa jafnframt nýjan þar sem umferðarmenning allt frá upphafi er byggð á því að hljóð komi frá umferð, hvort sem það er brölt í hestakerrum eða drunur í Ford T.

AVAS-tæknin hefur því verið þróuð til þess að tryggja að eitthvert hljóð komi úr rafbílnum og öðrum tækjum, en það er búnaður sem settur er í eftir á og gefur frá sér hljóð. Þessar nýju reglur eru mikill sigur fyrir Evrópusamband blindra (EBU) sem unnið hefur mikið starf til þess að benda ráðamönnum á þá hættu sem skapast af hljóðlausum ökutækjum.

### Áhættumat

Bílaframleiðendur berjast hart gegn hvers konar reglum sem skilyrða starfsemi þeirra og það var því mikið verk fyrir samtök blindra og sjónskertra að fá málið á dagskrá. Loks tókst að fá Evrópusambandið til þess að taka þátt í áhættumati sem ætlað var að sýna hvort hætta skapaðist af þessum ökutækjum. Niðurstaðan úr því áhættumati var ótvíræð. Hljóðlaus ökutæki voru talin hættuleg bæði í umferð, við gangbrautir og á bílastæðum. Kyrr-

stæð hljóðlaus ökutæki voru talin skapa sérstaka áhættu. Á forsendum þessarar niðurstöðu tókst samtökum blindra og sjónskertra að fá málið inn á borð Evrópusambandsins sem lagði til að settar yrðu reglur um lágmarkshljóð.

### Ekki nóg

Þótt heilmikill áfangasigur hafi unnist með þessari reglugerð er hún langt frá því að vera nóg til þess að tryggja öryggi blindra og sjónskertra vegfarenda. AVAS-búnaðurinn verður ekki lögkrafa fyrr en að fimm árum liðnum og er því valfrjáls fyrst um sinn. Þar að auki getur ökumaður slökkt á búnaðinum. Það er engin krafa um hljóðgjafa þegar bíllinn er kyrrstæður og reglurnar gilda aðeins um nýjar gerðir bíla. Þannig verður áfram hægt að framleiða þær tegundir sem nú þegar eru komnar fram án hljóðgjafa.

### Alvarleg ógn

Nú þegar eru hljóðlaus ökutæki á götum heimsins, líka á Íslandi, og öruggt að það er aðeins spurning um tíma hvenær það verða alvarleg slys á fólki. Þótt vinnan að betri löggjöf haldi áfram er það ekki nóg til þess að tryggja öryggi blindra og sjónskertra sem þurfa að taka mikla áhættu dagsdaglega, á leið til vinnu eða skóla eða á öðrum ferðalögum um borgina. En það eru ekki aðeins blindir og sjónskertir sem eru í hættu. Vert er að muna að það eru ekki bara bílar sem fara hljóðlaust um borgina, heldur margs konar farartæki, þar á meðal alls kyns rafmagnsskutlur sem hér á landi eru hafðar uppi á gangstétt og því algjörlega ógerlegt fyrir gangandi vegfarendur að gera ráð fyrir þeim þegar þær koma aftan að manni eða fyrir horn. Þannig skapast líka mikil slysahætta fyrir sjáandi einstaklinga. Þar að auki reiða fleiri en blindir og sjónskertir sig á umferðarhljóð þegar farið er yfir götur þar sem hingað til hefur verið hægt að treysta á það að bifreið gerði boð á undan sér, skyggni getur verið misjafnt og margir treysti því á eyrun.

### REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 540/2014 frá 16. apríl 2014

19) Umhverfislegur ávinningur frá blendingsrafökutækjum og ökutækjum sem eru eingöngu rafknúin hefur leitt til þess að verulega hefur dregið úr hávaðamengun frá slíkum ökutækjum. Með því að draga úr henni hafa mikilvæg upptök hljóðmerkja verið fjarlægð sem gangandi vegfarendur og hjólreiðamenn sem eru blindir eða hafa skerta sjón treysta á, ásamt öðrum vegfarendum, til að vera meðvitaðir um að þessi ökutæki nálgist, séu nálæg eða fjarlægist. Af þessum sökum er iðnaðurinn að þróa hljóðviðvörunarkerfi í ökutæki (e. Acoustic Vehicle Alerting System (AVAS)) til að bæta upp fyrir þau hljóðmerki sem ekki eru til staðar í blendingsrafökutækjum eða ökutækjum sem eingöngu eru rafknúin. Samræma ætti frammistöðu slíkra hljóðviðvörunarkerfa sem sett eru upp í ökutækjum. Við þróun á þessum hljóðviðvörunarkerfum í ökutæki ætti að taka tillit til heildaráhrifa á hávaða í samfélögum.

-RMH





# Hjartatónar

**Hlynur Þór Agnarsson fór fyrir hönd Íslands í söngvakeppnina Sounds from the Heart í Kraká í Póllandi. Keppnin er haldin á tveggja ára fresti af alþjóðahreyfingu Lions og er ætlað að sýna þá miklu hæfileika sem leynast meðal blindra og sjónskertra tónlistarmanna. Þetta er í annað sinn sem keppnin er haldin, árið 2013 tók Haraldur G. Hjálmarsson þátt fyrir hönd Íslands, lenti í 4. sæti og hlaut viðurkenningu frá borgarstjóranum í Kraká. En velgengni Íslands í þessari keppni var ekki þar með lokið því að Hlynur Þór Agnarsson gat fagnað silfurverðlaunum í keppninni 2015. *Víðsjá* spjallaði við Hlyn um keppnina, tónlistina og framtíðarplönin.**

**Hvernig keppni er þetta?**

Þetta er mjög flott keppni, margir frambærilegir söngvarar og tónlistarmenn. 16 framlög tóku þátt og keppnin varði í þrjá daga.

**Fannstu strax fyrir meðbyr?**

Já, ég myndi segja það. Ég var nokkuð öruggur án þess að vera hrokafullur. Ég var búinn að leggja mikla vinnu í lagið sem ég samdi sjálfur og það voru alls ekki allir með frumsamin lög. Ég fékk líka mjög góð viðbrögð frá hljómsveitinni.

**Svo þú varst sigurviss?**

Nei, alls ekki. Um leið og ég heyrði Szilvíu Agardi frá Ungverjalandi syngja vissi ég að ég yrði aldrei nema númer tvö í þessari keppni. Hún er hreint ótrúleg söngkona, einhvers konar blanda af Alanis Morissette og Celine Dion. Alveg mjög sérstök. Hún hlaut að vinna.

**Hvaða áhrif hefur svona keppni á þig sem tónlistarmann?**

Bara mjög jákvæð. Það er gaman að prófa að taka þátt í þessu og einbeita sér að tónlistinni. Fá viðbrögð og vera sýnilegur. Þeir gefa út tónlistina úr keppninni og ég hef sjálfur haldið áfram með lagið hérna heima, er búinn að fara í stúdíó og taka það upp og það er verið að klára það.

**Og hvernig lítur framtíðin út?**

Ég veit það ekki. Það fer eftir því hvenær þú spyrð mig, það er dagamunur. Ég útskrifaðist úr tónlistarnámi síðasta vor, á djass píanó, og kláraði samhliða tónlistarkennaranám. Ég hef verið að kenna og spila. Það er ótrúlega gaman en auðvitað líka mikið hark. Núna er ég að vinna hjá Vodafone og hef mjög gaman af því. Skemmtileg vinna og fullt af góðu fólki en ég veit ekki hvað ég mun gera í framtíðinni. Ef mér býðst tækifæri til þess að lifa af tónlistinni, ferðast um heiminn og syngja mín eigin lög þyrfti ég að vera ansi sleipur til þess að afþakka það.

**Hvernig er sjónskerðing þín?**

Ég vil meina að ég sé heppinn að vera þó með þá sjón sem ég hef. Ég er skráður með 10% sjón og hefur hún verið stöðug frá fæðingu. Ég hef fullt sjónsvið, sé öll form og alla liti. Ég þoli illa birtu og nota sólgleraugu og vott af þrjósku til að takast á við það. Ég læt birtufælnina ekki hindra mig í að fara út á daginn.

**Hefur þessi sjónskerðing áhrif á tónlistina?**

Mér reynist erfitt að notast við nótur við spilamennsku þannig að ég notast meira við tónheyrnina sem ég hef æft upp frá því að ég man eftir mér. Nótur byrjaði ég í raun ekki að læra



að lesa fyrr en ég hóf nám í Tónlistarskóla FÍH, þá 16 ára gamall. Ég get samt lesið nótur en þar liggur ekki minn heimavöllur, enda finnst mér miklu skemmtilegra að spila tónlist eftir eyra og tilfinningu.

**Og þú ert nýorðinn faðir, hvernig er sú reynsla?**

Við eignuðumst soninn Jökul Orra þann 8. apríl 2015 sem var mikil blessun. Hann er algjör snillingur, með fágaðan húmor föður síns og fallegt útlit móður sinnar, fullkomin blanda. Ég læt sjónskerðingu mína ekki aftra mér þegar kemur að uppeldi hans. Sjálfsagt gæti ég gert það, en ég vil lifa með henni og gera þá hlutina á minn hátt frekar en að sleppa því að gera þá.

-RMH



**Szilvía Agardi frá Ungverjalandi**



# AÐ SLYSATRYGGJA SIG EÐA EKKI?

**Í ágúst á seinasta ári flutti ég loksins formlega að heiman. Flaug úr hreiðrinu ef svo mætti að orði komast. Ég flutti með allt mitt hafurtask suður til Reykjavíkur. Þegar maður er farinn að búa þarf maður að huga að ýmsu. Borga leigu, versla í matinn og fleira í þeim dúr. Svo er líka mjög sniðugt að tryggja sig og eigur sínar, svona ef eitthvað skyldi koma upp á.**

Ég fór að kynna mér tryggingar. Innbústryggingar, heimilis- og fjölskyldutryggingar, líftryggingar, sjúkdómatryggingar og listinn virtist endalaus. Ég kom mér niður á að innbústrygging væri sniðug þar sem ég er í leiguhúsnæði og svo væri slysatrygging líka mjög sniðug, svona verandi sjónskert og klaufsk.

Ég hafði samband við fjögur tryggingafélög í byrjun september, Sjóvá, VÍS, Vörð og TM.
Ég sat tímunum saman við að lesa í gegnum alla skilmála og smáa letrið sem fylgir hverjum og einum þeirra og í grunninn voru þeir allir mjög líkir.

Ég þurfti samt að skoða sérstaklega sjúkdóma- og slysatryggingarnar. Þær voru einhverra hluta vegna ekki alveg nægilega skýrar hvað varðaði örorku og sjónskerðingu. Öllu því góða sem tryggingar þessara félaga áttu sameiginlegt fylgdu líka nokkur atriði sem fengu mig til þess að efast um þær, t.d. örorkutrygging slysatrygginga. Örorkutryggingin er sú trygging sem er greidd út ef fólk lendir í einhvers konar slysi sem veldur varanlegri örorku.

Verandi sjónskert er ég metin til fullrar örorku í kerfinu hér á landi. Þeir sem eru sjónskertir, blindir, lamaðir fyrir neðan mitti og fjölfatlaðir flokkast allir eins í kerfinu. Fullur öryrki, eða 75%. Sökum þessa get ég sem sjónskertur öryrki 75% ekki orðið meiri öryrki í kerfinu. Þetta vakti upp spurningar hjá mér varðandi

örorkutrygginguna. Átti ég einhvern rétt á henni eins og kerfið er í dag? Ég ákvað að gera ekkert í tryggingamálunum fyrst spilin voru svona. Ég stoppaði allt.

Núna í janúar ákvað ég að þetta mætti ekki bíða lengur. Ég sendi tölvupóst á alla fjóra þjónustufulltrúana hjá þessum fjórum fyrirtækjum sem ég hafði verið í samskiptum við í september og sendi þeim öllum sömu þrjár spurningarnar:

Ef ég kaupi slysatryggingu hjá ykkur stendur mér til boða sá hluti hennar sem snýr að örorkutryggingu? Eiga slysabætur almennt við mig þar sem það er alltaf hægt að hengja öll slys sem ég verð fyrir við það að ég sá ekki nægilega vel? Get ég slysatryggt mig eitthvað?

Á meðan ég beið svara við þessum spurningum ákvað ég að leggjast ítarlega í slysatryggingar hvers félags. Aftur er hér komið að smáa letrinu.

Inni á heimasíðu TM fann ég engar upplýsingar um hvað er bótaskylt og hvað ekki en sem betur fer fékk ég svar frá þjónustufulltrúa sem gat svarað þessum spurningum mínum. Hann sagði mér að það hvort ég væri í bótarétti til örorkubóta frá þeim færi eftir atvikum. Það færi eftir því hvernig slysið kæmi til. Ég spurði hvort hægt væri að hengja öll slys sem ég yrði fyrir á sjónskerðingu mína og hann neitaði því ekki, en það væri samt ólíklegt þar sem það er fólk sem sér um málin en ekki kaldrifjaðir einstaklingar sem horfa bara á tölur á blaði. Það væri því eitthvað sem væri samið um við hvern og einn eftir atvikum og engar skýrar upplýsingar lágu fyrir.

**Þeir sem eru sjónskertir, blindir, lamaðir fyrir neðan mitti og fjölfatlaðir flokkast allir eins í kerfinu**

Hjá Sjóvá fann ég góðar og ítarlegar upplýsingar um hvað væri bótaskylt og hvað ekki. Klausa um hvað er undanskilið og þá ekki bótaskylt telur upp hluti á borð við sjóndepru, heyrnardeyfð, lömun, geðveiki, flogaveiki og fleira sem einstaklingur gæti orðið fyrir á lífsleiðinni. Þetta olli mér áhyggjum. Ég fékk símatíma hjá sérfræðingi hjá Sjóvá sem svaraði spurningum mínum um þetta. Þá kom í ljós að allt varanlegt líkamlegt tjón sem einstaklingur verður fyrir svo lengi sem fyrri hamlanir eða sjúkdómar séu skráðir hjá félaginu er bótaskylt! Það á ekki að skipta máli að ég sé sjónskert ef ég missi útlim þó svo að á pappír breytist ekkert. Ég er jafn mikill öryrki og ég er í dag ef ég verð lömuð í hjólastól eða missi útlim. Mat á bótum á að miðast eins við mig og alla aðra. En enn og aftur er ekki hægt að segja nákvæmlega til um það fyrr en á reynir.



**Sigríður Hlín**

Því miður bárust mér aldrei svör frá VÍS og Verði en ég fann smáa letrið í skilmálum hjá þeim báðum. Hjá Verði voru mjög svipaðar upplýsingar og ég fékk frá TM. Ekkert stendur þó um einstakling sem er fyrir metinn öryrki og lendir í slysi sem myndi annars valda örorku og er því erfitt að segja til um hvort það yrði bætt. Ég áætla þó að það sé eins og hjá TM, fari eftir atvikum hverju sinni.

Hjá VÍS er sagan þó önnur. Í smáa letrinu stendur að eftirfarandi sé ekki bótaskylt hjá félaginu: Slys sem verða „beint eða óbeint vegna blindu, mikillar nær- eða fjarsýni, sjóndepru, heyrnardeyfðar“ og svo framvegis. Vegna þess að engin svör bárust frá þjónustufulltrúa get ég ekkert sagt um þessi mál. En

miðað við þetta væri VÍS versti kosturinn fyrir blinda og sjónskerta í slysatryggingu. Orðið „óbeint“ bítur mig svolítið. Nánast hvað sem er má tengja óbeint við blindu eða sjónskerðingu ef því er að skipta. Þeir tala síðan um sjónmissi neðar í sömu klausu, að hann sé bótaskyldur, en ég geri ráð fyrir að það miðist út frá því að einstaklingurinn hafi verið með fulla sjón fyrir slysið og enga sögu um sjúkdóma sem gætu valdið blindunni.

Þetta á samt allt við um fólk sem fæðist í staðnaðri sjónskerðingu eða blindu. Engin svör gáfust fyrir þá sem greinast eða fæðast með sjúkdóma sem hafa áhrif á sjónina. Sennilega er erfiðara fyrir þá sem eru með augnsjúkdóma að fá svör við þessum spurningum og tryggingar þar sem mörkin eru óljós hvar sjúkdómurinn endar og afleiðingar hans og hvar allt annað byrjar. Þetta er ósanngjarnt en svona er þetta víst á Íslandi í dag.

Ég ætla að veðja á Sjóvá með mínar persónulegu tryggingar. Þeir voru þeir einu sem sögðu að ég ætti sama rétt til bóta og aðrir sem glímdu ekki við nein vandamál. Að sjálfsögðu er ekki hægt að segja nákvæmlega til um neitt í þessum málum en samt sem áður er sennilega ráðlegt að vera slysatryggður.

-Sigríður Hlín Jónsdóttir

---



# LISTAMAÐUR Í FÉLAGINU

## Guðvarður B. Birgisson



Guðvarður B. Birgisson er fæddur og uppalinn í Reykjavík.
Hann byrjaði að teikna með blýanti ungur að árum en upp úr tvítugu hóf hann að mála myndir. Það hefur hann gert með hléum fram á daginn í dag.
Guðvarður hefur sýnt reglulega á Hornafirði.





# SJÓNSKERT Í BERLÍN

**Sigríður Hlín Jónsdóttir sem er frá Þingeyri í Dýrafirði stundar nám við kennaradeild Háskóla Íslands. Hún segir að ef hún gæti ferðast um heiminn og fengið borgað fyrir það myndi hún hiklaust droppa öllu og leggja af stað! Hún sendi *Víðsjá* þennan pistil frá Berlínarævintýri sínu.**

Nýr dagur, nýtt land og ný ævintýri. Ég er á leiðinni til Berlínar í Þýskalandi ein míns liðs í fyrsta sinn. Ég var svo lánsöm að frændi minn var einnig á leiðinni með sömu vél svo ég slapp við að taka flugrútuna til Keflavíkur.

Frændi var meira að segja að fara í sömu átt og þá var ekki eins ógnvekjandi að taka lestina í nýja landinu. Það varði þó ekki nema hálfa leiðina, ég fór út á Innsbrucker Platz, tók U4 upp á Nollendorfplatz og gekk þaðan á hótelið.

**Það sem af er þessari ferð hafa Þjóðverjar hins vegar verið ekkert annað en góðir við mig.**

Að spyrja til vegar er hægara sagt en gert! Ég get spurt en skil ekki svarið sem ég fæ. Það sem af er þessari ferð hafa Þjóðverjar hins vegar verið ekkert annað en góðir við mig.

Þeir buðu mér aðstoð þegar ég leit út eins og algjör api við miðavélina á lestarstöðinni, sem var með blindraletri mér til mikillar gleði. Flestir voru viljugir að hjálpa mér og gefa mér leiðbeiningar ef ég þurfti sem er frábært í ókunnugri borg.

Mér tókst að taka lestina í vitlausa átt fyrsta skiptið sem ég fór ein. Ég var ekki búin að átta mig á því að hver einasti pallur er merktur í hvora áttina lestin er að fara. Borgin er vel aðgengileg fyrir sjáandi og sjónskerta. Ég þurfti ekkert að taka upp stafinn en ég tók hann samt með mér hvert sem ég fór.
Það er áskorun ein og sér að fara á veitingahús

í landi þar sem maður talar varla tungumálið, hvað þá á ítalskt veitingahús þar sem þjónninn er Ítali sem talar lélega þýsku og litla sem enga ensku! Ég kunni sennilega jafn mikið í ítölsku og hann í ensku en ég fékk það sem ég pantaði sem var líka svo óskaplega bragðgott.

Ég veit ekki hvar ég væri án símans míns. Með því að nota google maps get ég alltaf staðsett mig og fundið næstu lestarstöð.
Ég notaði svo tækifærið alltaf þegar ég var með nettengingu að fletta upp einhverju áhugaverðu til að skoða og finna út hver væri besta leiðin þangað með aðstoð google maps.

Borgin er vel skipulögð og auðvelt að átta sig á hvar maður er og hvert á að fara. Miðbærinn er merkilega lítill þrátt fyrir að vera miðpunkturinn í þessari stóru borg. Í rauninni getur nútímaferðalangur sem hefur símann við höndina ekki villst.

**Ég kunni sennilega jafn mikið í ítölsku og hann í ensku**

Eftir að hafa farið á alla helstu túristastaðina, Brandenborgarhliðið, sigursúluna, þinghúsið, Mall of Berlin og alla þá staði, langaði mig að gera eitthvað annað. Því miður gerði ég þau mistök að áætla að lestirnar gengju eins alla daga vikunnar. Svo var ekki. Á laugardeginum var búið að loka nokkrum af S-Bahn línunum og var erfiðara að komast um innan miðborgarinnar, hvað þá að fara út fyrir svæði A og B. Á sunnudeginum þegar ég ætlaði af stað upp í Sachsenhausen komst ég að því að lestin sem gekk þangað var niðri þessa helgi. Í gangi voru viðgerðir.

